

Umsögn dags 13. febrúar 2012 frá Magnúsi Þorgrímssyni

Umsögn um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra  
og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda)

Þingskjal 361 – 307. mál.

Þjónusta við aldrað fólk er í mikilli þróun, með nýjum áherslum og aukinni virðingu fyrir þörfum og sjálfsákvörðunarrétti fólks. Það er mikilvægt að fólk geti sjálft haft áhrif á þá þjónustu sem því stendur til boða. Það verður að skoða frumvarpið út frá þessari þróun og almennt má segja að það sé spor í rétta átt.

Það er mikilvægt að styrkja gerð vistunarmata, sem er lykill að langtímadvöl á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Eins og fram kemur í frumvarpinu þá er mikilvægt að fólk geti búið heima eins lengi og hægt er. Með yfirfærslu málaflokks aldraðra til sveitarfélaganna og fjölgun aldraðra, þá er mikilvægt að styrkja alla samfélagslega þjónustu við aldrað fólk og styrkja stöðu þeirra í samfélaginu.

Athugasemd:

Í frumvarpinu kemur fram að vistunarmatsnefnd skuli skipuð lækni, hjúkrunarfræðingi og félagsráðgjafa.

Ég legg til að þessi skilgreining verði víkkuð út eða breytt þannig að fleiri faghópar geti skipað vistunarmatsnefndirnar. Þar bendi ég sérstaklega á öldrunarfræðinga, sálfræðinga og iðjuþjálfara.

Eins og fram kemur í frumvarpinu þá geta áðurnefndar stéttir haft mjög góðar forsendur til þess að vinna að vistunarmati. Það er full ástæða til að undirstrika ágæti þeirra allra í þessu sambandi. Hér má benda á að það er verið að kenna meistaranám í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Það er mikilvægt að þetta nám sé metið og viðurkennt í allri þjónustu við eldri borgara. Til þess að efla þetta nám er nauðsynlegt að stjórnvísan meti námið, til jafns við annað nám á þessu sviði. Ennfremur má benda á að hlutverk sálfræðinga og iðjuþjálfara er sífellt að aukast innan öldrunarþjónustunnar. Það er ljóst að í framtíðinni munu fleiri fagstéttir koma að þjónustu við aldrað fólk. Þverfagleg þjónusta og samstarf mismunandi fagstétta mun einkenna þjónustuna í framtíðinni. Þess vegna er nauðsynlegt að breytingar á lögum sem vísa til framtíðarskipan þjónustunnar, taki mið af þessari þróun.

Virðingarfyllst

Magnús Þorgrímsson

Sálfræðingur og meistaranemi í öldrunarfræðum í Háskóla Íslands